

Carbon Recycling International ehf.
Valdimar Olsen
Holtasmári 1
201 Reykjavík

Reykjavík, 30. desember 2019
UST201901-204/gf
08.09.02

Varðar reglubundið seinna eftirlit 2019 – metanólverksmiðja Carbon Recycling International ehf. í Svartsengi


Þann 14. nóvember sl. fór fram eftirlit í metanólverksmiðju CRI ehf. í Svartsengi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávik komu fram við eftirlit og ein athugasemd var gerð.

Virðingarfyllst,



Gottskálk Friðgeirsson



Margrét Bragadóttir
sérfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Suðurnesjasvæðis

EFTIRLITSSKÝRSLA

CRI hf. Svartsengi, Grindavík



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	14.11.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálf Friðgeirsson
Fyrirtæki	CRI hf.	Eftirlitsmaður	Margrét Bragadóttir
Heimili	Holtasmára 1	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	530306-0540	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Valdimar Olsen	ÍSAT nr.	72190
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	329903,036 383317,415

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá kröfum í starfsleyfi komu fram í eftirliti en ein ábending var gerð.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í vettvangsheimsókn vegna eftirlits hjá CRI hf. í Svartsengi, Valdimar Olsen var fulltrúi rekstraraðila og Margrét Bragadóttir í Teymis græns samfélags og Gottskálf Friðgeirsson í Teymi mengunareftirlits voru eftirlitsmenn Umhverfisstofnunar.

Dagskrá eftirlits:

1. Skoðun á verksmiðjunni
2. Staða athugasemda sem gerðar hafa verið í fyrri eftirlitum
3. Kröfur nýlegs starfsleyfis CRI
4. Efnanotkun
5. Frárennsli verksmiðjunnar
6. Losun í andrúmsloft
7. Úrgangur, magntölur og geymsla úrgangsefna/spilliefna á lóð CRI
8. Endurnýting/förgun lúts – flutningur á hættulegum farmi
9. Atvik, óhöpp og kvartanir
10. Önnur mál.

1. Farið var um verksmiðjussvæðið, litið var til lagna fyrir koltvísýring (CO₂) og vatn sem liggja inn á svæðið frá HS Orku, búnaðar til hreinsunar á koltvísýringinum með aminlausn og sinkoxíði. Eins hreinsunar á vatni áður en það er klofið í rafgreinum í vetni og súrefni, búnað til að þjappa efnunum saman og með efnahvötum að framleiða metanól og vatnsblöndu sem er síðan eimuð til þess að fá fram metanól sem söluvöru.

Skoðuð var geymsla fyrir úrgang og spilliefni sem er bakatil á lóðinni. Síðan farið austur fyrir verksmiðjuhúsið þar sem átöppun á flutningsgeyma fer fram á áfyllingarplani tengdu safntanki neðanjarðar. Búnaður tengdur olíufylltum spennum var skoðaður en afrennsli vegna hugsanlegra leka á olíuefnum fer í niðurgrafnar sófnunarþræur utanhúss.

Vestast á svæðinu utan girðingar er niðurdælingarhola (SV-01) sem tekur við frárennsli frá verksmiðjunni, s.s. afjönuðu ferskvatni, þéttivatni frá gufu, vatnsfasa frá eimingu á metanóli og vatni frá vothreinsun á gasi. Skólpi úr olíuskiljum, niðurföllum af verksmiðjugólfum og verkstæðum er gert að halda frá borholu SV-01. Gert er að meðhöndla slíkt skólpi með siturlögn eða að öðrum kosti að flytja það allt af svæðinu til viðurkenndrar móttökustöðvar eða nota sambærilega aðferð.

Rafgreinar sem sendir voru burt til viðgerðar eru enn í viðgerð og því liggur framleiðsla metanóls niðri. Nú er ekki gert ráð fyrir að verksmiðjan fari aftur í gang fyrir en á nýju ári. Lútur (KOH) sem notaður er á rafgreinana stendur á 1000 L körum utanhúss og biður þess að vera aftur settur á búnaðinn. Talið var hættuminnna að geyma körin á verksmiðjussvæðinu frekar en að flytja vökvann sem er um 14.000 L um þjóðbraut til geymslu hjá verktaka í Grindavík. Girðingar og hlið voru í góðu lagi.

2. Engin eldri frávik frá kröfum í starfsleyfi eru opin. Nokkrar athugasemdir og ábendingar hafa verið gerðar við geymslu úrgangs og spilliefna á baklóð verksmiðjunnar og hefur nokkuð þokast í að bæta þar um. Ábending var gefin um að koma fyrir lekabyttum (lekavörn) undir tunnum og bömbum með hættulegum tærandi / eldfimum fljótandi úrgangi. Á meðan rafgreinar eru í viðgerð standa „bambar“ með um 14000 L af lút á lóðinni án allra lekavarna. Enn þarf að bæta ásjúnd og umgengni á baklóðinni.

3. Nýtt starfsleyfi rekstraraðila er frá 21. mars sl. Farið var yfir kröfur sem settar eru fram í starfsleyfinu.

Tvær áætlanir skulu liggja fyrir. Farið var yfir áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eða lokunar starfseminnar sem er frá 2012. Hún er óbreytt og þarfnast ekki uppfærslu.

Viðbragðsáætlun byggð á niðurstöðum áhættumats skal liggja fyrir og endurskoða á fjögurra ára fresti. Farið var fram á að nýjasta útgáfa viðbragðsáætlunar verði send eftirlitsaðila á netfangið ust@ust.is.

Mæla skal TOC og VOC og senda eftirlitsaðila niðurstöður tvisvar á ári, fyrir 1. október og fyrir 1. maí ár hvert.

Hljóð var mælt fyrir nokkrum árum og var allt innan marka. Ekki verður farið fram á nýjar mælingar á hávaða nema breytingar verði á rekstrinum eða sem viðbrögð við kvörtunum.

Skýrslugjöf og tilkynningar til eftirlitsaðila hafa lítið breyst en í nýju starfsleyfi hefur ákvæði um ástandsskýrslu verið fella út.

Farið var yfir kröfur til þess að rekstraraðili setji sér umhverfismarkmið og komi á umhverfisstjórnunarkerfi. Heildstætt umhverfisstjórnunarkerfi skyldi liggja fyrir 1. nóvember nk. Rekstraraðili hefur sent stofnuninni gögn, m.a. handbók um umhverfisstjórnunarkerfið dagsett 31. október 2019.

4. Eins og fram hefur komið áður þarf að hreinsa koltvísýringinn og vatnið sem notað er við framleiðslu á metanóli. Kalíumhydroxíð (lútur), natríumklóríð (salt), natríumhýdroxíð (vítisóði), sínkoxíð og amínlausn eru helstu efni sem notuð eru í ferlinu. Notaðir eru rafgreinar og þjöppur sem nota smurefni og eins eru rafspennar á svæðinu. Nokkuð magn af olíuefnum er því til staðar. Litill efnalager er á svæðinu en birgjar sjá rekstraraðila fyrir þeim efnum sem þörf er á hverju sinni. HP Gámar (Hópsnes ehf.) og Terra sjá rekstraraðila fyrir spilliefnageymslu.

5. Heimiluð hefur verið niðurdæling frárennslis annars en olíumengaðs skólps og skólps frá starfmannaaðstöðu. Þegar verksmiðjan er í rekstri skal taka daglegt sýni í niðurdælingarfrárennslu, sameina það í vikusýni og mæla í því styrk TOC-efna. Styrkur TOC í frárennslinu skal vera undir 100 mg/L mælt sem árlegt meðaltal. Þar sem verksmiðjan hefur verið í stoppi frá því í vor þá hefur ekki verið lagt mat á það hvort þeim mörkum er náð. Tilkynning um tímabundna stöðvun barst 20. maí sl.

6. Útblástursloft frá metanólvinnslu og útstreymisloft frá búnaði skal leitt í hreinsibúnað. Nýtt starfsleyfi heimilar vothreinsun. Losa þarf (blæða út) gufur úr kerfinu til þess að losna við köfnunarefni sem byggist upp. Mæla á losun VOC efna (metanól þar með talið) og skal styrkur rokgjarnra efna ekki fara yfir 35 g/Nm³ á klst. í samræmi við ákvæði í reglugerð nr. 252/1999 um varnir gegn losun VOC efna. Enn hafa mælingar á VOC í útblæstri ekki borist þar sem verksmiðjan hefur verið í stoppi síðan í vor. Tilkynning um tímabundna stöðvun barst 20. maí sl.

7. Farið var yfir magntölur úrgangs. Um 22 þúsund lítrar af lút eru á rafgreinum verksmiðjunnar þegar allir eru í gangi, um 800 lítrar af notaðri amínlausn leggjast til árlega, 1,5 tonn af sinkoxíði/sínksúlfíði leggjast til árlega og efnahvötum er skipt út á 5 til 7 ára fresti og þá þarf að koma þeim í endurvinnslu, hugsanlega erlendis.

Geymsla úrgangsefna (spilliefna) á verksmiðjulóðinni er óheimil nema umbúnaður sé fullnægjandi.

8. Engin atvik, óhöpp né kvartanir hafa komið fram sem tilkynningarskyldar eru.

9. Nýr tengiliður, Valdimar Olsen, hefur tekið við af Gunnari Þórðarsyni sem sérstakur fulltrúi rekstraraðila við Umhverfisstofnun, sbr. grein 2.3 í starfsleyfi.

Bent er á að samkvæmt grein 1.5 í starfsleyfi skal tilkynna Umhverfisstofnun og Slökkviliði Grindavíkur um gangsetningu hafi rekstur verksmiðjunnar legið niðri eða verið stórlega skertur um tíma.


ÁBENDINGAR

Bent er á að samkvæmt grein 1.5 í starfsleyfi skal tilkynna Umhverfisstofnun og Slökkviliði Grindavíkur um gangsetningu hafi rekstur verksmiðjunnar legið niðri eða verið stórlega skertur um tíma.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 30.12.2019



Gottskálk Friðgeirsson